

Fundargerð

412. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 2. okt. 2018 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Reynir Vilhjálmsson, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir, Kári Jónasson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi Anna Þrúður Þorkelsdóttir og Þorbjörn Guðmundsson

Þetta gerðist:

Fundargerðir tveggja síðustu funda undirritaðar, eftir að gerð var athugasemd við fundargerð 410 um skipan stjórnarmanna í stjórn Leigufélag aldraðra.

1. Yfirlýsing frá FEB vegna fjárlagafrumvarps Samþykkt fram komin og áður rædd ályktun stjórnar FEB vegna fjárlagafrumvarps 2018. Ályktunin send fjölmiðlum sem allra fyrst og óskað verður eftir viðtali við fjárlaganefnd Alþingis.

2. Uppgjör á greiðslu til LEB og sameiginlegur fundur EBS var í sambandi við formann LEB með ósk um viðræður og fund aðila. Ekki er komið svar við þeirri ósk formanns FEB. Nokkur umræða um félagsgjöldin og útreikning þeirra. Fram kom hugmynd að taka málið upp á næsta aðalfundi LEB. Formaður lagði til að greidd yrði helmingur gjalds til LEB núna og helmingur síðar að frádreginni þóknun vegna vinnu við skýrslu sem nýst hefur í nefnd ráðuneytis. Niðurstaða að greiða helmings gjalds 3.3 milljónir króna núna.

3. Samstarf við verkalýðsfélögin EBS skýrði frá fundi hans og framkvæmdastjóra FEB með Ragnari Þór Ingólfssyni formanni VR s.l. mánudag 1. okt. þar sem formaður VR tilkynnti um boð verkalýðsfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um nána samvinnu / samstarf við FEB við mótun krafna og framgang kjarasamninga nú í haust. Til stendur að innsigla samstarfið með sameiginlegum fundi aðila. Samþykkt og lýst yfir ánægju með þróun málsins.

4. Samþykkt verksamnings við MótX Samningur aðila frá því í júlí s.l. staðfestur með þeim viðauka sem undirritaður var 26. sept. 2018 af báðum aðilum um atriði er varða samskipti og frekari skýringar á samningi vegna vinnu við Árskóga 1-3. Með viðaukanum eru aðilar sammála og staðfesta leiðréttu samningsupphæð, áætlaðan tíma verkloka og atriði er varða greiðslur og reikningsskil eins og kveðið er á í samningi FEB við Landsbankann.

5. Beiðni um umsögn frá nefndum Alþingis Nú er sá tími að til FEB koma erindi hinna ýmsu nefnda Alþingis með ósk um umsögn frá félaginu. Í vikunni voru t.d. tvö mál sem brýnt er að FEB komi fram með umsögn um. Annað sem fjallar um hækkun skattleysismarka var afgreitt þannig að *FEB getur tekið undir*. Hitt þingmálið kallar á meiri vinnu og ákveðið var að Finnur, Reynir og Kári með framkvæmdastjóra fari í að skoða það mál og komi fram með umsögn eigi síðar en 18/19 okt n.k.

6. Grái herinn og ritstýring á síðu Erna dreifði Ritstjórnarstefna og verksvið Facebook síðu Grá hersins og hóf umræðu. Jafnframt kom hún inn á að hún hefði átt viðræður við ákveðinn aðila með ráðningu í huga

fyrir ákveðin laun 100 þúsund kr á mánuði. Þessum vinnubrögðum andmælti framkvæmdastjóri þar sem málið hefði ekki verið kynnt hvorki fyrir honum né formanni, jafnframt benti hann á að framkvæmdastjóri hefur umsjón með daglegum rekstri og fjármálum félagsins og ræður starfsfólk. Niðurstaða að formaður vill kynna sér málið og því frestað.

7. Önnur mál

Póstur frá Gestu Ólafssyni

- Vísað frá og til fyrri svara

Fundur með Svandís Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra 3. okt. kl. 10.30

Á fundinn fara formaður og framkvæmdastjóri FEB með neðangreind „erindi“;

Lagfæringar / samningur vegna kostnaðar eldri borgara við tannlækningar Hjúkrunarheimili - Staðan í Reykjavík Lyf, lækniskostnaður reynsla af „greiðslupátttökukerfum“ og lagfæringar – hvers er að vænta? - Af hverju kom þetta svona á óvart? Húsnæðismál, lóðir ríkisins t.d. Keldur af hverju ekki að ljúka málinu og ná fram breytingum í húsnæðismálum? Eignamörkin í húsnæðissamvinnufélögum gangvert eldri borgurum 3,4% hækkun á almannatryggingum um næstu áramót. - 69. gr almannatryggingarlaga um þróun verðlags / launa

Fram kom fyrirspurn um afsögn Finns úr stjórn Leigufélags aldraðra sem Finnur svaraði.

Sjöfn fór af fundi nokkuð fyrr. Kári hvarf að fundi rétt fyrir fundarlok.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 12.15.

Samþykkt;